

Halldór Jónsson ehf.
Skútuvogi 11
104 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2020
UST201910-322/E.O.
07.10.02

Málslok - Eftirlit í kjölfar ábendingar um snyrtivörur sem innihalda CBD.

Umhverfisstofnun barst ábending um að eftirfarandi vörur uppfylli mögulega ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur.

| Vara | Strikamerki |
|---------------------------------|-----------------|
| <i>CBD Daily Active Spray</i> | 8 14487 02530 8 |
| <i>CBD Daily Soothing Serum</i> | 8 14487 02441 7 |

Við eftirlit með vörunum á sölustað þann 31. október sl. og nánari athuganir kom í ljós að vörurnar uppfylltu skilyrði reglugerðarinnar. Eitt óleyfilegt innihaldsefni var skráð á umbúðum þeirra en reyndist það ranglega skráð samkvæmt uppfærðum innihaldsupplýsingum á vefsíðu framleiðandans.

Sjá má nánar um eftirlitið í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Innlendir birgir varanna, Halldór Jónsson ehf., er ábyrgur fyrir markaðssetningu varanna hér á landi. Hyggst hann framvegis hætta að setja umræddar vörur á markað og skipta yfir í vörur þar sem innihaldslýsingar eru í samræmi við skilyrði Evrópureglugerðar um snyrtivörur. Óskar birginn jafnframt eftir að klára fyrilliggjandi birgðir varanna á sölustöðum og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við það.

Að framansögðu telst máli þessu hér með lokið.


Einar Oddsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst,


Björn Gunnlaugsson
Teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla